



Samstarf foreldra og skóla

Tillögur vinnuhóps

Desember 2010



Tillögur starfshópsins

Starfshópurinn gerir að tillögu sinni að Leikskólasvið og Menntavið stuðli að markvissu samstarfi við foreldra um velferð barna þeirra, einkum uppeldi, nám, þroska, líðan, samskipti, öryggi og félagsstarf. Samstarfið taki mið af því að leikskólinn og grunnskólinn veiti foreldrum mikilvægan stuðning við uppeldi og menntun barna þeirra í samræmi við lög og námskrár, en saman ná foreldrar og skóli betri árangri en þeir geta hvor um sig.

- Allir grunnskólar borgarinnar setji sér áætlun um samstarf skóla og skólaforeldra sem er samofin stefnu og starfsáætlun skólans.
- Leik- og grunnskólar leggi áherslu á að finna leiðir sem veita foreldrum hlutdeild í námi og starfi barna þeirra á forsendum hvernar fjölskyldu og að foreldrar fái þau skilaboð frá upphafi skólagöngu að þeirra framlag sé mikils metið og litið sé á þá sem mikilvæga samstarfsaðila.
- Leik- og grunnskólinn leiði samstarfið sem einkennist af jafnræði fagfólks og foreldra þar sem megináhersla er lögð á samstarf um hvert einstakt barn.
- Til að efla fagmennsku grunnskólanna á þessu sviði leggur starfs hópurinn til að sýmenntun skólastjórnenda grunnskólanna taki mið af þessum áherslum.
- Leikskólasvið hefur nýverið gefið út handbók um samstarf; Fjölskylda og leikskóli sem leikskólar leggi til grundvallar í starfi sínu.

©Leikskólasvið og Menntasvið Reykjavíkurborgar, nóvember 2010



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



Reykjavíkurborg
Menntasvið

Efnisyfirlit

Tillögur menntaráðs.....	5
Vinnuhópur	5
Hlutverk vinnuhópsins.....	5
Helstu verkefni vinnuhópsins	5
Samantekt á vinnu hópsins	6
Hefðir í samstarfi foreldra og skóla/leikskóla.....	6
Nýjar áherslur.....	7
Stefna Leikskóla- og Menntasviða Reykjavíkurborgar varðandi samstarf foreldra og skóla	8
Grunnskólar.....	9
<i>Skilgreining á hlutverki foreldra í samstarfinu.....</i>	9
<i>Skilgreining á hlutverki kennara/skóla í samstarfinu</i>	9
<i>Þróun og innleiðing viðhorfa og vinnubragða í samræmi við stefnu borgarinnar.....</i>	9
<i>Samstarfsáætlun</i>	9
<i>Viðmið um gæði samstarfs foreldra og skóla.....</i>	10
Leikskólar	10

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 - Erindisbréf

Fylgiskjal 2 - Yfirlit yfir fundi vinnuhóps

Fylgiskjal 3 - Fjölskylda og leikskóli – Handbók um samstarf

Tillögur menntaráðs

Á fundi menntaráðs þann 8. september 2010 var svohljóðandi tillaga samþykkt samhljóða: Menntaráð felur fræðslustjóra og sviðsstjóra Leikskólasviðs að stofna starfshóp sem útbýr tillögur að stefnu um aukið og markvisst samstarf skóla og foreldra, bæði á leikskóla- og grunnskólastigi. Í starfshópnum skulu sitja fulltrúar foreldra, kennara, skólastjórnenda og skrifstofu Menntasviðs og Leikskólasviðs.

Vinnuhópur

Eins og fram kemur í erindisbréfi er heiti starfshópsins: Samstarf foreldra og skóla.
Hópurinn skipaður:

Kristín Jóhannesdóttir, fulltrúi skólastjóra,

Elín Guðfinna Thorarensen, fulltrúi kennara,

Guðrún Valdimarsdóttir, SAMFOK fulltrúi foreldra,

Þóra Þorvaldsdóttir, fulltrúi leikskólastjóra,

Jóhanna Guðrún Jónsdóttir, fulltrúi leikskólakennara,

Kristín Bjarnadóttir, fulltrúi samtaka foreldrafélaga og foreldraráða Barnanna okkar,

Sigrún Einarsdóttir, Leikskólasviði, starfsmaður hópsins,

Nanna Kristín Christiansen, Menntasviði formaður vinnuhóps.

Hlutverk vinnuhópsins

Hlutverk vinnuhópsins var að setja fram tillögur að stefnu um aukið og markvisst samstarf foreldra á leik- og grunnskólastigi.

Helstu verkefni vinnuhópsins

Helstu verkefni vinnuhópsins voru að kynna sér fræðilega umfjöllun um samstarf foreldra og skóla, skilgreiningar, áhrif og leiðir.

- Að leggja grunn að stefnu Menntasviðs og Leikskólasviðs um samstarf foreldra og skóla.
- Að skilgreina hlutverk samstarfsaðilanna, þ.e. foreldra og skóla.
- Að setja fram skilgreiningu á foreldrasamstarfi og viðmið um gæði samstarfs foreldra og skóla.
- Að setja fram áætlun um þróun og innleiðingu vinnubragða í samræmi við stefnuna.

Samantekt um vinnu hópsins

Samtals hélt hópurinn fimm fundi á tímabilinu 7. október – 12. nóvember 2010. Allir fulltrúar voruð boðaðir á fyrstu tvo fundina. Þar var farið yfir umfjöllun fræðimanna um foreldrasamstarf, áhrif þeirra, breyttar áherslur, m.a. með tilliti til laga og faglegs hlutverks kennara/leikskólakennara. Fulltrúar lásu fræðilega hluta bókarinnar *Skóli og skólaforeldrar – ný sýn á samstarfið um nemandann*.

Ákveðið var að fulltrúar grunnskólans héldu þriðja og fjórða fundinn án fulltrúa leikskólanna. Leikskólasvið var um þetta leyti að ljúka við gerð handbókar um samstarf foreldra og leikskóla, en sú vinna hefur staðið yfir í eitt og hálf ár. Það var því talin þörf á að grunnskólafulltrúarnir fengju meiri tíma til að ræða málefni síns skólastigs. Allir sátu fimmta og síðast fund starfshópsins.

Á milli funda voru sendir tölvupóstar þar sem gáfust tækifæri til að setja fram tillögur og ábendingar um umfjöllunarefnið.

Niðurstaða hópsins var sú að góður samhljómur væri í handbók Leikskólasvið um foreldrasamstarf og þeirra áherslna sem fulltrúar grunnskólanna lögðu fram. Því var ákveðið að leggja fram tillögu að sameiginlegri stefnu beggja sviða um samstarf foreldra og skóla. Af skiljanlegum ástæðum er þó nokkur munur á skilgreiningu hlutverka, útfærslu og tillögum að þróun samstarfs og því var ákveðið að handbókin yrði framlag Leikskólasviðs í niðurstöðum hópsins en þessum þáttum yrðu gerð sérstök skil af hálfu Menntasviðs.

Hefðir í samstarfi foreldra og grunnskóla/leikskóla

Áherslan á samstarf foreldra og skóla er langt frá því að vera ný og margir skólar hafa lagt sig fram á þessu sviði. Langflestir skólar halda úti heimasíðum með hagnýtum upplýsingum um skólann og skólastarfið, einnig eru sendir út tölvupóstar og aðrar upplýsingar til foreldra. Víða bjóða skólar til kynninga, sýninga og skemmtana, auk fræðslufunda.

Í upphafi leikskóladvalar, í svokallaðri aðlögun, er hefð fyrir því að foreldrar dvelji með börnum. Þar kynnast þau saman leikskólanum, starfsháttum, hugmyndafræði og námskrá leikskólans um leið og starfsfólk fær upplýsingar um barnið, aðstæður þess, reynslu og áhugasvið. Þarna er lagður hornsteinn að samstarfi forelda og leikskóla.

Allir skólar standa fyrir reglubundnum viðtölum eða fundum með foreldrum sérhvers barns og margir grunnskólar standa fyrir námskeiðum fyrir nýja skólaforeldra.

Engu að síður sýna fjölmargar íslenskar og erlendar rannsóknir að því miður skorti enn mikið á að samstarfið í grunnskólanum sé fullnægjandi (Grétar L. Marinósson, 2001; Nordahl og Skibrei, 2002; Trausti Þorsteinsson, 2003; Börkur Hansen, Ólafur H. Jóhannesson og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2004; Nanna Kristín Christiansen, 2005 o.fl.).

Í samræmi við það sem áður tíðkaðist í samskiptum sérfræðinga og skjólstæðinga þeirra hefur samstarf almennt verið á forsendum þeirra fyrrnefndu, í þessu tilfalli skólans. Hann hefur í meginráttum sett leikreglur fyrir samstarfið og haft sömu væntingar til allra foreldra. Þannig

hefur verið litið svo á að meginmarkmið samstarfsins sé að tryggja skólanum stuðning foreldra. Í ljósi faglegrar þekkingar hefur verið viðtekið að skólinn hafi almennt betri skilning og þekkingu á þroska og námi barna/nemenda en foreldrar. Skólinn skilgreinir yfirleitt vandann og ákveður hvernig tekist skuli á við hann.

Enda þótt samskipti milli foreldra og skóla séu almennt álitin góð hefur hlutdeild foreldra í grunnskólastarfinu fyrst og fremst tengst félagsstarfi, en aðkoma foreldra að mikilvægum ákvörðunum, einkum varðandi nám barna þeirra, hefur verið afar takmörkuð (Nanna Kristín Christiansen, 2005 o.fl.). Hið hefðbundna viðhorf er að foreldrar annast uppeldi en grunnskólinn menntun og oft hefur aðkoma foreldra að náminu í grunnskólanum einskorðast við heimanámsaðstoð þar sem foreldrar eru áhrifalausir aðstoðarmenn kennara, auk þess sem þeir taka við mati skólans á námsstöðu barna sinna.

Í leikskólanum hefur þátttaka foreldra fyrst og fremst verið í gegnum foreldrafélög sem hafa verið stuðningur við leikskólstarfið, auk þess að standa fyrir skemmtunum og ferðum.

Nýir tímar gera kröfur um breyttar áherslur í samstarfi foreldra og skóla.

Nýjar áherslur

Miklar og örar samfélagsbreytingar hafa orðið á síðustu áratugum og haft veruleg áhrif á stöðu fjölskyldunnar. Þar má meðal annars benda á mikla atvinnuþátttöku beggja foreldra. Þetta hefur m.a. leitt til þess að dvalartími barna í skólum hefur lengst til muna og samfélagið hefur stöðugt auknar væntingar til kennara um ábyrgð þeirra á heilðrænni velferð barna/nemenda. Þessar breytingar hafa hellst yfir án mikillar faglegrar ígrundunar um áhrif þeirra á börnin/nemendur og mikið hefur skort á skilgreiningar á ábyrgð og skyldum foreldra og kennara. Markmið og inntak samstarfsins hefur einnig verið mörgum óljóst.

Eins og áður hefur komið fram hafa skólar leitað ýmissa leiða til að efla samskipti og samstarf við foreldra. Öllum slíkum tilraunum ber að fagna en jafnframt þarf að benda á að rannsóknir hafa sýnt að samstarf sem er tilviljanakennt skilar ekki sama árangri og samstarf sem er markvisst og fylgir skilgreindri áætlun.

Nú liggja fyrir niðurstöður rannsókna sem sýna svo ekki verður um villst að áhrif foreldra á nám, þroska og líðan barna þeirra er meiri en svo að hægt sé að horfa fram hjá þeim (Desforges og Aabouchair, 2003, Nordahl, 2007 o.fl.). Staðreyndin er sú að skólinn getur aldrei komið í stað góðra foreldra sama hversu vandaður hann er, enda hefur honum aldrei verið ætlað það hlutverk. Foreldrarnir eru lykillinn að velferð barna sinna. Hlutverk skólans er hins vegar að veita foreldrum mikilvægan faglegan stuðning í uppeldi og menntun barnanna á forsendum sérhverrar fjölskyldu og á grundvelli viðkomandi laga.

Ef áhugi er fyrir því að stuðla að velferð barna, efla menntun og námsárangur þeirra verður það ekki gert án samstarfs foreldra og skóla. Áhrifaríkasta leiðin er að skólinn leiti leiða til að gefa öllum foreldrum hlutdeild í daglegu starfi barna sinna, námi þeirra og þroska.

Það má halda því fram að hlutverk kennara og foreldra séu að vissu leyti að víxlást, áherslan er farin af fagmanninum á notandann/skjólstæðinginn. Sama þróun hefur orðið meðal annarra

fagstétta, m.a. lækna, sem nú líta almennt á það sem mikilvægan þátt í starfi sínu að veita sjúklingum sínum upplýsingar og leiðbeina svo þeir verði betur í stakk búnir til að taka ákvarðanir um eigin velferð á sínum forsendum.

Niðurstöður rannsókna á áhrifum foreldra á velferð barna þeirra ásamt aukinni áherslu á lýðræðislega þátttöku almennings í ákvörðunum hafa haft mikil áhrif á viðhorf til samstarfs foreldra og skóla. Ekki síður má benda á aukna menntun og greiðari aðgang að upplýsingum, breytingar á stöðu fjölskyldunnar og hlutverki fagstétta, svo og vitundarvakningu um skólakerfi þar sem öll börn skipta máli. Þessi atriði skýra hvers vegna Evrópusambandið lítur svo á að þátttaka foreldra sé mikilvæg vísbending um gæði skólastarfs.

Það er því engin tilviljun að í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og leikskóla nr. 90/2008 er lögð rík áhersla á samstarf foreldra og skóla og mun meira en gert var í eldri lögum.

Stefna Leikskólasviðs og Menntasviðs um samstarf foreldra og skóla

Stefna Leikskólasviðs og Menntasviðs Reykjavíkurborgar er að vinna með foreldrum að uppeldi og menntun barna þeirra í samræmi við lög og námskrár, en saman ná foreldrar og skóli betri árangri en hvort um sig.

Eitt mikilvægasta verkefni skólans er að stuðla að markvissu samstarfi við foreldra leik- og grunnskólabarna um velferð barna þeirra, einkum uppeldi, nám, þroska, líðan, samskipti, öryggi og félagsstarf.

Allir grunnskólar borgarinnar setja sér áætlun um samstarfið sem er samofin stefnu skólans.

Samstarf leikskóla og foreldra tekur mið af áherslum *Fjölskyldu og leikskóla - Handbókar um samstarf*.

Áherslur

Foreldrar þurfa frá upphafi skólagöngu barna sinna að fá þau skilaboð að þeirra framlag sé mikils metið og að lítið sé á þá sem mikilvæga samstarfsaðila. Þeir verða að finna að þeir séu velkomnir í skólann, að þeir eigi hlutdeild í uppeldi og námi barna sinna þar og að hlustað sé á raddir þeirra.

Lítið er á foreldra sem lykilpersónur í lífi barna sinna og því er það eitt af mikilvægustu verkefnum skólans að finna leiðir sem gera öllum foreldrum kleift að eiga hlutdeild í námi og starfi barnanna, í samræmi við aðstæður sérhverrar fjölskyldu. Þar er fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu þeirra sýnd virðing og skilningur. Skólinn leiðir samstarfið sem einkennist af jafnræði fagfólks og foreldra. Með samstarfinu taka skóli og foreldrar, ásamt nemendum þegar við á, sameiginlega ábyrgð á þeim markmiðum sem þeir setja sér og vinna að í samræmi við aðstæður.

Megináherslan er á samstarfið um hvern einstakan nemanda/barn en einnig skal stuðlað að samstarfi um einstaka nemenda-/barnahópa og um skólann sem heild eins og lög gera ráð

fyrir. Hér er einkum vísað til skólaráða grunnskóla, foreldraráða leikskóla og foreldrafélaga. En gott samstarf foreldra eflir og bætir skólabrag og stuðlar einnig að forvörnum.

Grunnskólar

Skilgreining á hlutverki foreldra í samstarfinu

Meginhlutverk foreldra er að gæta hagsmuna barna sinna, m.a. bera þeir ábyrgð á námi þeirra (3. og 18. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008). Það gerir kröfur um markvisst samstarf þeirra við kennara/skólann. Samstarfið byggir á gagnkvæmum upplýsingum foreldra og skóla, samræðu og sameiginlegum ákvörðunum um mikilvægar ákvarðanir sem varða barn þeirra.

Viðhorf og væntingar foreldra til námsins og skólastarfsins hafa grundvallaráhrif á námsárangur, líðan, aga, forvarnir og skuldbindingu barna þeirra.

Foreldrar sem sæti eiga í skólaráði eða foreldrafélagi sitja þar sem fulltrúar foreldra skólans, gæta hagsmuna umbjóðenda sinna og starfa í samræmi við viðkomandi lög og reglugerðir.

Skilgreining á hlutverki kennara/skóla í samstarfinu

Skólinn skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda (2. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008). Kennarar/skólinn leita markvisst leiða til að gera öllum foreldrum kleift að eiga virka hlutdeild í námi og starfi barna sinna og í starfi skólans á forsendum hvernar fjölskyldu. Kennarinn/skólinn er leiðtogi í samstarfi jafningja. Hann lítur á foreldra sem lykildpersónur í velferð barna þeirra og nýtir faglega þekkingu sína til að aðstoða þá við menntun barnanna og uppeldi. Kennarinn/skólinn er í samstarfinu alltaf bundinn af lögum og námskrá.

Þróun og innleiðing viðhorfa og vinnubragða í samræmi við stefnu borgarinnar

Á vorönn 2011 stendur Menntasvið Reykjavíkur fyrir námskeiði fyrir skólastjórnendur með það að markmiði að innleiða stefnu sviðsins í samstarfi foreldra og skóla í öllum grunnskólum borgarinnar. Unnið verður með niðurstöður rannsókna, lög, námskrár, viðhorf, færniþætti, hagnýt verkefni og úrræði.

Skólaárið 2011 – 2012 verður þess vænst að allir skólar borgarinnar geri samstarfsáætlun skóla og foreldra sem tekur gildi í ársbyrjun 2012 og eigi síðar en í upphafi skólaársins 2012 - 2013. Sérhver skóli gerir áætlunina á grundvelli eigin þarfagreiningar og forgangsröðunar. Skólum býðst fræðsla og ráðgjöf frá Menntasviði til að styðja við verkefnið og innleiðingu vinnubragða.

Samstarfsáætlun

Samstarfsáætlunin skal samofin stefnu og starfsáætlun skólans. Þannig er gerð grein fyrir því hver hlutdeild foreldra er í hverjum einstökum þætti, t.d. í námi, kennsluháttum, námsmati, samskiptum og líðan nemenda, starfsþróun starfsfólks, félagsstarfi nemenda, öryggismálum, þróunarverkefnum o.fl. Samstarfsáætlunina þarf að byggja upp á sama hátt og almennt á við um faglegar áætlanir. Hún þarf að hafa ákveðinn tímaramma, markmiðin þurfa að vera skýr svo og leiðir, tilgreint skal hvað skuli vera til marks um árangur, hlutverkin þurfa að vera ljós,

nauðsynlegar bjargar til staðar, árangur metinn reglulega og brugðist við niðurstöðum með úrbótaáætlun eftir því sem þurfa þykir.

Í samstarfsáætluninni skal gerð grein fyrir því hvernig unnið verði að almenntri vitundarvakningu meðal foreldra og starfsmanna skólans í þeim tilgangi að vekja skilning á mikilvægi samstarfsáætlunarinnar og stuðla að skuldbindingu skólasamfélagsins við framgang hennar.

Samstarfsáætlunin skal unnin í samstarfi skóla og foreldra (og nemenda ef óskað er) og aðlöguð hverjum skóla á grundvelli þarfagreiningar og forgangsröðunar.

Aðgerðarteymi, sem í eiga sæti fulltrúar foreldra, (nemenda) og skóla, bera ábyrgð á að samstarfsáætluninni sé fylgt eftir. Hugsanlega getur aðgerðarteymið verið hluti af skólaráði eða skólaráð skipað fulltrúa í það.

Viðmið um gæði samstarfs foreldra og skóla

Menntasvið setur saman og kynnir fyrir lok skólaársins 2010-2011 leiðbeinandi viðmið um gæði samstarfs foreldra og skóla sem skólarnir geta stuðst við í þróunarstafi sínu og mati.

Leikskólar

Stefna og leiðarljós Leikskólasviðs um samstarf er í handbókinni *Fjölskylda og leikskóli* (sjá fylgiskjal 3).

Rauður þráður í handbókinni er að hvetja leikskólakennara til að leita fjölbreyttra leiða til samstarfs og samræðu við foreldra um skipulag og aðferðir í leikskólastarfinu og gefa röddum þeirra vægi. Hún er jafnframt hvatning til leikskólakennara og starfsfólks um að finna leiðir til að mæta þörfum sérhverrar fjölskyldu.

Í handbók Leikskólasviðs er ekki tekin afstaða til þess hvort ein aðferð er annarri betri, fremur varpað ljósi á kosti hverrar aðferðar fyrir sig.

Erindisbréf

Fylgiskjal 1

Heiti vinnuhóps: Samstarf foreldra og skóla
Ábyrgðarmaður: Ragnar Þorsteinsson og Ragnhildur E. Bjarnadóttir
Hlutverk: Að setja fram tillögur að stefnu um aukið og markvisst samstarf skóla og foreldra á leik- og grunnskólstigi
Helstu verkefni: Að kynna sér fræðilega og lagalega umfjöllun um samstarf foreldra og skóla, skilgreiningar, áhrif og leiðir. Að leggja grunn að stefnu Mennta- og Leikskólasviðs um samstarf foreldra og skóla. Að skilgreina hlutverk samstarfsaðilanna þ.e. foreldra og skóla. Að setja fram skilgreiningu á foreldrasamstarfi og viðmið um gæði samstarfs foreldra og skóla. Að setja fram áætlun um þróun og innleiðingu vinnubragða í samræmi við stefnuna.
Fulltrúar í vinnuhópi: Nanna Kristín Christiansen, Menntasviði Sigrún Einarsdóttir, Leikskólasviði Kristín Jóhannesdóttir, fulltrúi skólastjóra Elín Guðfinna Thorarensen, fulltrúi kennara Guðrún Valdimarsdóttir, SAMFOK fulltrúi foreldra Þóra Þorvaldsdóttir, fulltrúi leikskólastjóra Jóhanna Guðrún Jónsdóttir, fulltrúi leikskólakennara Kristín Bjarnadóttir ofulltrúi í samtaka foreldrafélaga og foreldraráða Barnanna okkar.
Formaður vinnuhóps: Nanna Kristín Christiansen
Starfsmenn: Sigrún Einarsdóttir
Ráðgjöf / samstarf:
Starfstímabil: September til nóvember 2010
Skil: 16. nóvember 2010.

Fundir vinnuhóps

1. 7. okt. 2010. Haldinn á Fríkirkjuvegi 1. Fulltrúar beggja skólastiga boðaðir á fundinn.
2. 13. okt. 2010. Haldinn á Fríkirkjuvegi 1. Fulltrúar beggja skólastiga boðaðir á fundinn.
3. 28. okt. 2010. Haldinn á Fríkirkjuvegi 1. Fulltrúar grunnskóla boðaðir á fundinn.
4. 3. nóv. 2010. Haldinn á Fríkirkjuvegi 1. Fulltrúar grunnskóla boðaðir á fundinn.
5. 12. nóv. 2010. Haldinn á Fríkirkjuvegi 1. Fulltrúar beggja skólastiga boðaðir á fundinn.

Fjölskylda og leikskóli

Handbók um samstarf